



Suðurnesjarally 2021

4. - 5. júní

Til keppanda ökutækis nr. 17 - varðar áhöfn ökutækis nr. 17

Málsatvik

Að kvöldi fimmtudagsins 3. júní 2021 barst dómnefnd erindi frá keppnisstjóra Suðurnesjarally 2021, Emilíu Rut Hólmarsdóttur Olsen, þess efnis að aðstoðarökumaður ökutækis nr. 17, Óskar Sólmundarson, hefði ekki verið mættur með ökutækinu til skoðunar kl. 17.00 þennan dag eins og sagt væri í dagskrá að gera skyldi. Taldi keppnisstjóri að refska bæri áhöfn nr. 17 samkvæmt reglum.

Málsmeðferð

Dómnefnd tók málið til skoðunar á fjarfundi kl. 22.15 fimmtudaginn 3. júní. Farið var yfir dagskrá keppinnar, sérreglur, Greinarreglur fyrir rally og upplýsingar framkomnar á upplýsingatöflu keppinnar, en hana má finna á <http://skraning.akis.is/keppni/284#general>.

Í liðnum “Dagskrá” á þeirri síðu í mótakerfi AKÍŠ sem birtir upplýsingar um keppnina, sérreglur o.fl. má m.a. sjá við dagsetninguna 2. júní:

- “Keppnisskoðun fer fram í félagsheimili AIFS að smiðjuvöllum 6 kl 17:00
- Refsing er gefin fyrir að mæta of seint í Keppnisskoðun
Refsing er 10 sek fyrir hverja byrjaða mínútu. (sem dæmi, áhöfn sem mætir í keppnisskoðun kl 17:05 fær 50sek refsingu við ræsingu)”

Í grein 3.5 í gildandi Greinarreglum fyrir rally segir:

3.5.1 Sérhver áhöfn sem ætlar að taka þátt í keppni skal mæta með ökutæki til skoðunar samkvæmt dagskrá keppinnar.

3.5.2 Sérhverri áhöfn sem kemur til skoðunar utan þeirra tímamarka sem dagskrá greinir mun ekki leyft að hefja keppni, nema vegna ófyrirsjáanlegra orsaka sem dómnefnd viðurkennir.

3.5.2.a Skal áhöfn í slíkum tilfellum sækja skriflega um frest á skoðun og tilgreina ástæðu.”

Um mætingu í skoðun er ekki fjallað í Sérreglum keppinnar en á upplýsingatöflu er það gert í nokkrum tilvikum. Hvergi er þar veitt undanþága frá mætingu í skoðun kl. 17.00 fyrir umrædda áhöfn.

Á fyrrgreindum fundi var ákveðið að boða áhöfn ökutækis nr. 17 til skýrslutöku hjá dómnefnd og skyldi hún fara fram kl. 14.00 föstudaginn 4. júní með fjarfundi.

Kl. 23.19 fimmtudaginn 3. júní barst dómnefnd skrifleg beiðni frá Óskari Sólmundarsyni um að þurfa ekki að mæta í skoðun á þeim tíma sem greinir í dagskrá. Jafnfamt var í beiðninni gefin upp ástæða fyrir því að hafa ekki mætt.



Fundur var haldinn föstudaginn 4. júní kl. 14.00 á Zoom; úr áhöfn ökutækis nr. 17 mætti Garðar Gunnarsson. Einnig sátu fundinn allir í dómnefnd. Farið var yfir málavöxtu Garðari gefinn kostur á að skýra sína afstöðu til málsins sem hann nýtti sér.

Kl. 14.15 yfirgaf Garðar fundinn og dómnefnd ræddi málið áfram og samdi þennan úrskurð.

Niðurstaða

Sannað þykir, með framburði keppnisstjóra og ökumannsins Garðars Gunnarssonar að aðstoðarökumaður ökutækis nr. 17, Óskar Sólmundarson, mætti ekki til skoðunar 2. júní s.l.

Dómnefnd telur sig ekki bundna af þeim hluta dagskrár keppinnar sem segir

- “Refsing er gefin fyrir að mæta of seint í Keppnisskoðun
- Refsing er 10 sek fyrir hverja byrjaða mínútu. (sem dæmi, áhöfn sem mætir í keppnisskoðun kl 17:05 fær 50sek refsingu við ræsingu)”

enda er þetta sett fram af framkvæmdanefnd keppinnar, en það er eingöngu á valdi dómnefndar að útdeila refsingum.

Einnig gengur grein 3.5.2 lengar þar sem viðurlög við því að mæta ekki eru sögð brottvísun nema ófyrirsjáanlegar orsakir séu fyrir því að mati dómnefndar.

Úrskurður

Dómnefnd viðurkennir ástæður þær sem henni hafa verið gefnar með skriflegum hætti fyrir fjarveru aðstoðarökumanns í ökutæki nr. 17 í Suðurnesjarally 2021 frá skoðun þann 2. júní s.l.

Samkvæmt grein 3.5.2 skal ökutæki nr. 17 því veitt rásheimild, uppfylli það öll önnur ákvæði reglna þar um.

Keppandi er minntur á rétt sinn til að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls AKÍŠ.

| | |
|--|------------------------------|
| Undirritun formanns dómnefndar | Sigfús Þór Sigurðsson |
| Úrskurður afhentur keppanda (Dagsetning og tími) | 4.júní 2021 kl 15:22 |
| Úrskurður móttækinn af keppanda (undirritun) | |